

## AUGLÝSING

**um niðurfellingu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur  
sem getur haft í för með sér mengun.**

Umhverfisstofnun hefur felld úr gildi eftirfarandi fimm starfsleyfi:

Starfsleyfi útgefið 16. febrúar 2005, fyrir kyndistöð Orkuveitu Reykjavíkur, Bæjarhálsi 1, Reykjavík.

Fiskmjölsverksmiðju Ísfélags Vestmannaeyja hf., Krossanesi, Akureyri, starfsleyfi útgefið 4. október 2002.

Verne Holdings ehf. í Reykjanesbæ, varaafstöðvar, sbr. auglýsingu nr. 799/2009 í Stjórnartíðindum.

Síldarvinnslan á Siglufirði, Vetrarbraut 12, Siglufirði (áður SR-mjöl hf.), starfsleyfi útgefið 7. október 2002.

Starfsleyfi fyrir Samherja hf., Fiskimjöl og lýsi, Ægisgötu 2, Grindavík, sbr. auglýsingu nr. 105/2005 í Stjórnartíðindum.

Starfsleyfin voru felld úr gildi frá og með 1. júní 2012.

*Umhverfisstofnun, 6. júní 2012.*

**Kristín Linda Árnadóttir** forstjóri.

*Gunnlaug Einarsdóttir*  
sviðsstjóri.